



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 9. ágúst 2023

2307013SA VRB/BS
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um tillögu að formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, mál nr. 123/2023 dagsett 29.6.2023 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis. Í tillögunni er vísað til netöryggisstefnu Íslands 2022 – 2037 en eitt af markmiðum hennar er að styrkja og formgera samstarf innan stjórnkerfis og við atvinnulífið. Áðurnefnd tillaga er því hluti af þessu markmiði í netöryggisstefnu Íslands.

Samband íslenskra sveitarfélaga styður heilshugar samstarf atvinnulífs og stjórnvalda í netöryggismálum. Sveitarfélög reka mikilvæga innviði, veita þjónustu og geyma mikið magn viðkvæmra upplýsinga um íbúa og lögaðila og því mikilvægur hlekkur í netöryggi landsins. Sambandið telur því eðlilegt að í tillögunni komi skýrt fram að sveitarfélögin séu fullgildir þátttakendur í samstarfvettvangi stjórnvalda og atvinnulífs, rétt eins og þær stofnanir sem nefndar eru. Þá telur Sambandið mikilsvert að sveitarfélög eða fulltrúar þeirra séu þátttakendur í samstarfsvettvangnum og hafi upplýsingar og aðgang að þeim faghópum er snerta starfsemi þeirra.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs